

81. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 12. apríl 2018 kl. 16.30

Fundinn sátu:

Kristjana Helga Ólafsdóttir formaður

Hörður Helgason varaformaður

Kristján Sveinsson

Margrét Magnúsdóttir

Guðmunda Maríasdóttir fulltrúi starfsmanna

Hallveig Skúladóttir hjúkrunarforstjóri

Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Fyrir var tekið:

1) Ársreikningur 2017

Jóhann Þórðarson frá Endurskoðunarskrifstofunni Áliti ehf. fór yfir ársreikninginn ásamt framkvæmdastjóra.

Samkvæmt ársreikningi námu rekstrartekjur Höfða 859,9 mkr. og rekstrargjöld án fjármagnsliða og afskrifta námu 827,5 mkr. Afskriftir námu 26,2 mkr. og fjármagnsliðir nettó 12,7 mkr. Rekstrarafkoma ársins er neikvæð um 6,6 mkr. Handbært fé hækkar um 30,5 mkr. og var handbært fé 124 mkr. í árslok 2017.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikninginn með undirskrift sinni.

2) Vistunarmál

Samþykkt vistun fyrir þrjá einstaklinga, sjá trúnaðarbók.

3) Viðburðaryfirlit

Lagt fram viðburðaryfirlit fyrir tímabilið 26. febrúar til 11. apríl 2018.

4) Vinnustaðagreining Höfða

Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöður vinnustaðagreiningar Gallup á Höfða.

5) Niðurstöður þjónustukönnunar

Hjúkrunarforstjóri fór yfir niðurstöður þjónustukönnunar meðal aðstandenda íbúa sem framkvæmd var í tengslum við fund með aðstandendum íbúa þann 15. mars sl.

6) Eineltisstefna Höfða

Hjúkrunarforstjóri fór yfir tillögu að eineltisstefnu fyrir Höfða.

Stjórn Höfða samþykkir framlagða stefnu.

Stjórn Höfða
HÖFÐA
HS
KR
A.M.

7) Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um ráðningu á næringarfræðingi í 20% stöðuhlutfall. Stjórn Höfða samþykkir framlagða tillögu. Fjármögnun er vísað til gerðar viðauka I.

8) Önnur mál

a) Lífeyrisskuldbindingar

Yfirlit vegna uppgjors við ríki vegna lífeyrisskuldbindinga Höfða. Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.30

Lingana H. Rafsdóttir
Kjartveit Svansson
Hinnri D. Helgason
Hallveig Sliúladóttir
Guðm. Mannadóttir
Margrjet Magnúsdóttir
Vindur Vindur